



LEB

Landssamband eldri borgara

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-12  
150 Reykjavík

12.nóvember 2020

**Efni: Umsögn Landssambands eldri borgara um tillögu til þingsályktunar um úttekt á heilsutengdum forvörnum eldra fólks, 47. mál.**

Landssamband eldri borgara fagnar þessari auknu umræðu um heilsefningu eldra fólks sem er mjög mikilvægt baráttumál stjórnar LEB og vonar hún að niðurstaða slíkrar úttektar verði til þess að farið verði í verulega öflugt heilsuáttak með hreyfingu og matarræði sem stóru málin. Við vitum að slíkt áttak hefur nú þegar gefið okkur svo sterkar vísbendingar um bættu heilsu og léttara líf að gríðarleg þörf er á að koma því til allra eldri borgara svo hratt sem verða má.

Víða um land er í reynd beðið eftir að slík heilsuefning verði í boði.

Forvönin sem í því felst breytir mörgu í þörfum fyrir aðstoð á efri árum og færnin gefur fólki meiri lífsgæði og lengra farsælt líf á sínu heimili.

Sannað hefur verið að færni batnar og fólk hefur jafnvel hætt lyfjatöku og almenn liðan verður betri.

Alþjóða heilbrigðismálastofnunin, WHO, er með skýra stefnu í þessa veru.

LEB vill því beina því til stjórnvalda að bretta upp ermar nú og fara þessa leið sem fyrst til að draga úr kostnaði við aldurstengda sjúkdóma og auka þar með almenna vellíðan.

Bætt heilsa, betra líf.

Viðringarfyllst

Fyrir hönd LEB

Þórunn Sveinbjörnsdóttir  
Formaður